

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. febrúar 2010 02-2010020038  
T-ums 10/10


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum - 343. mál, þskj. 614.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 3. febrúar 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum -343. mál, þskj. 614.

Í frumvarpinu eru lagðar til margvíslegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem allar lúta að því að m.a. að styrkja valdheimildir Fjármálaeftirlitsins, styrkja löggjöf um áhættuskuldbindingar, setja reglur um lánveitingar fjármálafyrirtækja til tengdra aðila og setja skorður við kaupaukakerfum fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja.

Ríkisskattstjóri fagnar frumvarpinu og telur, með hliðsjón af atburðum haustins 2008, að lögfesting þess sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir að sömu mistök verði endurtekin í rekstri íslenskra fjármálastofnana. Þá tekur ríkisskattstjóri undir ummæli í athugasemdum með frumvarpinu þar sem fram kemur að rýma þurfi heimildir Fjármálaeftirlits til miðlunar upplýsinga t.a.m. til skattfyrvalda og Samkeppniseftirlitsins með breytingum á lögum nr. 87/0998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir